

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða,
svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi.**

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðast svo:

Forðast skal að sigla skipum sem falla undir reglur þessar inn á afmörkuð svæði samkvæmt 1. mgr. Það tekur þó ekki til skipa sem taka höfn á Selvogsbankasvæði, farþegaskipa á tímabilinu 1. maí til 1. október og skipa allt að 20.000 BT sem hvorki flytja hættuleg efni né eiturefni í búlka eða farmtökum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Slíkum skipum er heimil sigling um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45'N. Við siglingu slíkra skipa yfir Selvogsbankasvæðið ber skipstjórnarmönnum að sýna fyllstu aðgát og taka sérstaklega tillit til veðurs og veður- og ölduspár ef um álandsvind er að ræða.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að sigla farþegaskipum óháð stærð þeirra um innri leið á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

3. gr.

2. tölul. athugasemda undir „Mörk svæða sem ber að forðast“ í II. hluta I. viðauka orðast svo:

2. Skipum sem sigla til hafna innan Selvogsbankasvæðisins er heimil sigling um svæðið. Farþegaskip á tímabilinu 1. maí til 1. október og skip allt að 20.000 BT sem flytja hvorki hættuleg efni né eiturefni í búlka eða farmtökum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar mega sigla um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45'N.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, 12. gr. laga um vitamál nr. 132/1999 og 2. gr. laga nr. 7/1975 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 með síðari breytingum, tekur þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 26. mars 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.